



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA

Sóknaráætlun Suðurnesja - 2017

Árleg greinargerð Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um framkvæmd samnings um sóknaráætlun Suðurnesja 2015-2019

Skilafrestur árið 2018 er til 1. febrúar

Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	2
<i>1. Mat á árangri sóknaráætlunar</i>	2
<i>2. Fjárframlög til samningsins</i>	2
<i>3. Samráðsvettvangur</i>	3
<i>4. Áhersluverkefni</i>	4
<i>5. Uppbyggingarsjóður</i>	4
<i>6. Lokaorð</i>	7
<i>7. Undirritun og staðfesting</i>	8
<i>8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum</i>	9

Inngangur

Þann 10. febrúar 2015 skrifaði Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) undir samning við Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Mennta- og menningarmálaráðuneytið um Sóknaráætlun Suðurnesja fyrir árin 2015-2019. Markmið sóknaráætlunar er að ráðstafa þeim fjármunum sem ríkið hefur varið í atvinnu-, byggða- og menningarmál á Suðurnesjum í samræmi við stefnu sem landshlutinn mótar sjálfur á þessum sviðum.

Sóknaráætlun á að stuðla að jákvæðari samfélagsþróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans sem og landsins alls. Jafnframt er leitast við að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.

1. Mat á árangri sóknaráætlunar

Á árinu 2017 var úthlutað tvisvar sinnum úr Uppbyggingarsjóð Suðurnesja. Var það tilkomið vegna þeirra ánægjulegra fréttu þann 21. apríl 2017 að ráðherra byggðamála Jón Gunnarsson hafði ákveðið að hækka framlag til Sóknaráætlana um 100 milljónir. Var það afar ánægjulegt.

Vel hefur gengið að ljúka verkefnum sem hlotið hafa styrk úr Uppbyggingarsjóð. Verkefnin eru fjölbreytt og áhugaverð.

Áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurnesja hefur einnig farnast vel. Lokið hefur verið við gerð Innviðagreiningu fyrir Suðurnes og hefur afrakstur hennar nýst sveitarfélögum á Suðurnesjum vel í þeirri miklu áskorun að taka á móti nýjum íbúum á svæðinu.

Eitt að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurnesja hefur verið unnið í samvinnu allra Markaðsstofa á landsvísu en um er að ræða miðlægt viðburðardagatal sem mun verða sjálfvirkt að stórum hluta. Mun það nýtast menningarlífinu vel en einnig ferðapjónustunni.

Þann 26. október var haldinn fundur Samráðshóps Sóknaráætlunar. Á fundinum var farið yfir stöðu Sóknaráætlunar Suðurnesja sem samþykkt var árið 2015. Einnig voru boðaðir fulltrúar aðila sem eiga aðild að Sóknaráætlun. Alls mættu 15 fulltrúar á fundinn. Að loknum fundi var unnin greinargerð sem send var öllum þeim sem skráðir voru til þátttöku, einnig þeim sem mættu ekki. Gafst þar með öllum tækifæri til að koma athugasemdum að. Það er hins vegar áhyggjuefni sem og áskorun næstu ára hvernig efla má þátttöku aðila í samráðsvettvangi Sóknaráætlunar Suðurnesja.

2. Fjárframlög til samningsins

Í þessum kafla koma fram upplýsingar um fjárframlög til samningsins á árinu og fjárhagsleg umsvif.

- Í töflu 1 eru settar fram sundurliðaðar upplýsingar um heildarfjárhæð fjárframlaga.
- Í töflu 2 er gerð grein fyrir hvernig framlög skiptast milli áhersluverkefna, uppbyggingarsjóðs, umsýslu samningsins, stofn- og rekstrarverkefna og viðauka, eftir því sem við á.
- Skýringar settar fram í texta, ef þarf.

Sjá útskýringar á töflum 1 og 2 í viðauka með þessu skjali og í excel skjalinu.

TAFLA 1: HEILDARFJÁRHÆÐ TIL RÁÐSTÓFUNAR 2017

	fjárhæðir í kr.
Framlög ríkisins	90.238.383
Viðaukasamningar	0
Framlög sveitarfélaga	7.700.000
Önnur framlög	
Flutt frá fyrra ári	0
Vaxtatekjur	0
Samtals	97.938.383

TAFLA 2: RÁÐSTÓFUN FJÁRFRAMLAGA 2017

	fjárhæðir í kr.
Áhersluverkefni	36.017.557
Uppbyggingarsjóður	43.600.000
Stofn- og rekstrarstyrkir	9.700.000
Viðaukasamningar	
Umsýsla	7.000.000
Óráðstafað 2017	1.620.826
Samtals	97.938.383

3. Samráðsvettvangur

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum skipaði samráðsvettvang líkt og ætlast var til þar sem stefnt er að breiðri aðkomu sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum. Samráðsvettvangurinn hefur fundað árlega frá því hann kom fyrst saman í júní 2015. Þangað mættu heldur fleiri konur en karlar, helmingur fulltrúa var á aldrinum 40-60 ára og flestir komu úr fjölmennasta sveitarfélaginu, þ.e. Reykjanesbæ. Verkefni fundarins var að móta þá sýn sem vinna skal eftir og þær áherslur sem Sóknaráætlun Suðurnesja skal innihalda.

TAFLA 3: SKIPAN FULLTRÚA Í SAMRÁÐSVETTANG

Bakgrunnur fulltrúa		Búseta fulltrúa		Aldur fulltrúa		Kyn fulltrúa	
Fulltrúi fyrir	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi	Aldursbil	Fjöldi	Karl / Kona	Fjöldi
Atvinnulífið	7	Grindavíkurbær	5	< 25 ára	0	Karlar	10
Félagasamtök	2	Reykjanesbær	12	25-39 ára	7	Konur	16
Fræðasamfélag	6	Sandgerðisbær	4	40-60 ára	13		
Kjörnir fulltrúar	8	Svf. Garður	3	> 60 ára	6		
Menningarlífið	0	Svf. Vogar	2				
Opinberar stofnanir	3						
Annað (óflokkað)	0						
Samtals	26	Samtals	26	Samtals	26	Samtals	26

4. Áhersluverkefni

Meginmarkmið Sóknaráætlunar Suðurnesja eru unnin í kjölfar fundar samráðsvettvangs í júní 2015. Markmiðin eru fjögur og kallast þau á við framtíðarsýn fyrir landshlutann (sjá Sóknaráætlun Suðurnesja 2015-2019).

- * Fjölbreytt atvinnulíf og nýir sprotar
- * Sameiginleg markaðssetning og jákvæð sjálfmynd
- * Öflugar menntastofnanir og samvinna í menningarmálum
- * Lítið atvinnuleysi og fjölskylduvænt samfélag

Áhersluverkefni landshlutans eru tillögur að leiðum sem settar eru fram til þess að ná umræddum markmiðum og þeim mælikvörðum sem notaðir eru til að meta framgang þeirra. Tillögur að verkefnum koma til vegna vinnu Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Heklungar - atvinnuþróunarfélag Suðurnesja við úrvinnslu á niðurstöðum fundar samráðsvettvangsins.

TAFLA 4: ÁHERSLUVERKEFNI 2017

Heiti verkefnis	Framlag (b.kr.)		Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
	Sóknaráætlun	Mótframlag				
Innviðagreining	10.000.000		Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Heklungar atvinnuþróunarfélag Suðurnesja	Markmið innviðagreiningu er að kortleggja innviði á Suðurnesjum.	Innviðagreining um Suðurnes unnin heildstætt.	01.01.-31.12.2017
Fjarnám í hjúkrunarfræði	4.000.000		Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Markmiðið er að nemendur búsettir á Suðurnesjum hafi tækifæri til að stunda háskólanám í heimabyggð. Markmiðið er að nemendur geti hafið nám og klárað það og þannig stuðlað að hærra menntunarstigi og að auka framboð einstaklinga með þessa menntun á svæðinu	Fjöldi útskrifaðra hjúkrunarfræðinga 2019	2017-2019
Minnka brottfall úr námi og bjóða upp á menntun í takt við atvinnulífið á svæðinu	2.600.000		Þekkingarsetur Suðurnesja	Minnka brottfall úr námi og hækka menntunarstig á Suðurnesjum. Auka tengsl nemenda við atvinnulífið á svæðinu og undirbúa þá fyrir störf sem standa til boða á Suðurnesjum. Draga úr atvinnuleysi til lengri tíma.	Skýrsla um brottfall úr námi á Suðurnesjum og skýrsla um stöðu nemenda á Suðurnesjum og samvinnu skóla og atvinnulífs á svæðinu	2015-2019
Sameiginleg ímyndar og markaðsáætlun fyrir Suðurnes	14.000.000		Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum/ Heklungar atvinnuþróunarfélag Suðurnesja	Vinna sameiginlega markaðsáætlun fyrir svæðið og sameina Suðurnes undir einu slagorði	Sameiginleg markaðsáætlun fyrir Suðurnes og skýrsla um hvernig markaðsáætluninni verður fylgt eftir	2015-2019
Framleiðsla á fræðsluefni	3.417.557		Reykjanes UNESCO Geopark	Útbúa fræðsluefni fyrir starfsfólk fyrir starfsfólk fyrirtækja	Virkur vefur þar sem myndbönd eru aðgengileg fyrir alla.	01.09.2017-31.08.2018
Skráning og uppfærsla á menningarviðburðum á dagatal	2.000.000		Markaðsstofa Reykjanes	Skrá inn upplýsingar á einum stað um menningarviðburði á Suðurnesjum	Virkur vefur þar sem menningarviðburðir eru skráðir inn.	01.01.2017-31.12.2017

5. Uppbyggingarsjóður

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum skipaði sjö fulltrúa í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs. Nefndin er skipuð þrem (3) konum og fjórum (4) körlum. Kjörnir fulltrúar (aðal- og varamenn) eru þrír (3) fulltrúar. Ekki eru starfandi fagráð í tengslum við Uppbyggingarsjóð Suðurnesja.

Auglýst var í staðarblöðunum, Víkurfréttum og Reykjanesi, auk þess var auglýsingaborði á vef Víkurfrétta uppi allan umsóknarfrestinn. Auglýst var á heimasíðum og samfélagsmiðlum sem Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Atvinnuþróunarfélagið Heklan hafa yfir að ráða og á heimasíðum sveitarfélaganna fimm á Suðurnesjum.

Einnig lét Uppbyggingarsjóður gera myndbönd sem sýna enn frekar fjölbreytnina í verkefnum sem sjóðurinn styrkir.

https://www.youtube.com/results?search_query=Uppbyggingarsj%C3%B3%C3%B0ur+su%C3%B0urnesja

Nefndarmenn fengu aðgang að að umsóknunum og þeim gögnum sem fylgdu umsóknum, í gegnum skjalavistunarkerfi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Úthlutunarnefnd kom síðan saman á tvo vinnufundi. Fundirnir stóðu yfir í tæpar 9 klukkustundir samtals.

Umsóknir sem bárust voru 55 samtals og skiptust í þrjá flokka, nýsköpun og þróun, menning og listir og stofnkostnaður til menningarmála. Heildarupphæð sem sótt var um var rúmlega 112 milljónir króna. Úthlutaðar voru 43.600.000 til 28 verkefna. Alls 12 verkefnanna tilheyra menningu og listum, 12 eru nýsköpunar- og þróunarverkefni og 4 verkefnanna flokkast undir stofn- og rekstur.

Dæmi um fyrirmyndarverkefni:

Fjölbætt heilsuefling í Reykjanesbæ

Verkefnið lýtur að heilsueflingu eldri aldurshópa í Reykjanesbæ, markmiðið er að draga úr öldrunareinkennum, efla og bæta lífsgæði þrátt fyrir hækkandi aldur.

Flutningsvaki

Verkefnið snýr að hönnun og þróun á nýjum sjálfvirkum búnaði sem skrásetur hvar, hvenær og hverskonar meðhöndlun varningur í flutningi verður fyrir.

Taramar

Verkefnið lýtur að markaðssetningu á snyrtivörum í Bandaríkjunum. Þörf fyrir hreinar snyrtivörur fer stigvaxandi um leið og upplýsingar um óæskileg efni verða meira aðgengilegar.

Ferskir Vindar

Listahátíðin er alþjóðleg listahátíð og er um margt einstakur viðburður í íslensku menningarlífi. Hátíðin er í hópi stærstu listahátíðar á landinu í dag.

TAFLA 5: UPPLÝSINGAR UM UMSÓKNIR / STYRKI 2017

Umsóknir	
Fjöldi umsókna	55
Heildarfjárhæð sem sótt var um	112.710.700
Veittir styrkir	
Fjöldi styrkja	28
Árangurshlutfall umsókna	2
Heildarupphæð styrkja	43.600.000
Heildarupphæð mótframlaga	224.165.000
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	0
Fjöldi styrkja milli 500 þús til 2,5 m.kr.	23
Fjöldi styrkja hærrí en 2,5 m.kr.	5
Áætlaður fjöldi ársverka	97
Fjöldi lokinna verkefna 2015-2019	92
Fjöldi verkefna í vinnslu 2015-2019	4
Fjöldi verkefna sem ekki eru hafin 2015-2019	0
Fjöldi verkefna sem hætt var við 2015-2019	2

TAFLA 6: KYN UMS/ÆKJENDA / STYRKÞEGA

Umsóknir	Karlar	Konur	Samtals
Fjöldi umsókna	26	29	55
Fjöldi umsókna (%)	47%	53%	
Meðalupphæð umsókna	1.929.000	2.157.000	
Veittir styrkir			
Fjöldi umsókna	14	14	28
Fjöldi styrkja (%)	50%	50%	
Meðalupphæð styrkja	1.536.000	1.578.000	

TAFLA 7: KYNGREIND ÁHRIF STARFA SEM ÆTLAÐ ER AÐ SKAPIST Á VERKEFNATÍMA

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	1	2	47	5	0	55
Fjöldi umsókna (%)	2%	4%	86%	10%		
Meðalfjárhæð umsókna	500.000	950.000	1.950.000	3.780.000	0	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	0	1	24	3	0	28
Fjöldi styrkja (%)	0%	4%	86%	11%		
Meðalfjárhæð styrkja	0	600.000	1.600.000	1.600.000		

TAFLA 8: ATVINNUGREINAFLOKKUN UMSÓKNA OG STYRKJA

Atvinnugreinaflokkun	Fjöldi	Meðalfjárhæð
Umsóknir		
93 Íþróttá- og tómstundastarfsemi	2	1.450.000
91 Starfsemi safna og önnur menningarstar	10	2.390.000
90 Skapandi listir og afþreying	16	2.062.000
85 Fræðslustarfsemi	6	2.048.000
73 Auglýsingastarfsemi og markaðsrannsókn	5	2.460.000
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf	11	2.164.000
62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatæk	2	1.736.000
58 Útgáfustarfsemi	3	617.000
Samtals	55	14.927.000 kr.
Veittir styrkir		
93 Íþróttá- og tómstundastarfsemi	1	800.000
91 Starfsemi safna og önnur menningarstar	6	1.900.000
90 Skapandi listir og afþreying	9	1.289.000
85 Fræðslustarfsemi	2	1.750.000
73 Auglýsingastarfsemi og markaðsrannsókn	3	2.267.000
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf	7	1.400.000
62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatæk	0	0
58 Útgáfustarfsemi	0	0
Samtals	28	9.406.000 kr.


6. Lokaorð


Þegar farið var af stað við Sóknaráætlanir landshluta var markmiðið að horfa til fjögurra þátta, þ.e. nýsköpunar og atvinnulífs, mannauðs, menningar og lýðfræði. Í greinargerð Samráðshópsins Suðurnesja koma fram óskir um að á næstu árum yrði einnig horft til þess að samþætta önnur verkefnið ríkisvaldsins við Sóknaráætlun, m.a. í heilbrigðismálum, móttöku nýbúa og málefnum framhaldsskóla. Einnig kemur fram áskorun til sveitarfélaganna um að vinna meira saman, m.a. að uppbygginu innviða á svæðinu. Sóknaráætlanir landshlutanna er lifandi skjal sem hefur þroskast og tekið breytingum með hverju ári. Vonandi náum við í framtíðinni að samþætta flestar áætlanir ríkisins og sveitarfélaga, íbúum heilla.

7. Undirritun og staðfesting

Hér með er þessi greingargerð lögð fram og staðfest að allar upplýsingar eru gefnar af bestu vitund um nákvæmni, áreiðanleika og réttmæti.

Grindavík, 1. febrúar 2018


Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri


Guðmundur Pálsson, formaður



8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum

Tafla 1. Heildarupphæð samnings

Framlög ríkisins: Heildarframlög ríkisins til samningsins (grunnframlög frá ANR og MMR).

Viðaukasamningar: Framlög sem koma sem viðaukar við samninginn, ef við á.

Framlög sveitarfélaga: Heildarframlög sveitarfélaga til samningsins.

Önnur framlög: Önnur framlög til samningsins, ef við á.

Flutt frá fyrra ári: Fjármunir sem ekki var ráðstafað árið 2016 (þ.m.t. styrkir sem féllu niður) og flutt yfir á árið 2017, ef við á.

Vaxtatekjur: Vaxtatekjur fjármuna samningsins árið 2017 (sbr. ákvæði samningsins).

Heildarupphæð: Samtala ofangreindra upplýsinga. Þessi tala á að vera sú sama og samtalan í töflu 2.

Tafla 2. Ráðstöfun fjárframlaga 2017

Áhersluverkefni: Heildarupphæð sem ráðstafað var til áhersluverkefna.

Uppbyggingarsjóður: Heildarupphæð sem ráðstafað var til uppbyggingarsjóðs.

Stofn- og rekstrarstyrkir: Heildarupphæð sem ráðstafað var til stofn- og rekstrarverkefna, ef við á.

Viðaukasamningar: Heildarupphæð viðaukasamninga, ef við á.

Umsýsla: Heildarupphæð sem ráðstafað var í umsýslu með samningnum.

Óráðstafað 2017: Heildarupphæð sem ekki var ráðstafað árið 2017, ef við á. Stefnt skal að því að ráðstafa öllu framlagi hvers ár innan ársins.

Samtalan í töflu 2 á að vera sama samtalan í töflu 1.

Tafla 3. Samráðsvettvangur

Bakgrunnur fulltrúa: Fjöldi fulltrúa úr hverjum "geira". Hver einstaklingur aðeins talinn einu sinni. „Kjörnir fulltrúar“ eru þeir sem eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum.

Búseta fulltrúa: Fylla skal út í línurnar með heitum allra sveitarfélaga í landshlutanum og fjölda fulltrúa frá hverju þeirra, hvort sem sveitarfélagið á fulltrúa í samráðsvettvangnum eður ei.

Aldur fulltrúa: Fjöldi fulltrúa sem er yngri en 25 ára, fjöldi sem eru á bilinu 25-39 ára, fjöldi sem eru á bilinu 40-60 ára og fjöldi sem eru eldri en 60 ára.

Kyn fulltrúa: Heildarfjöldi karla annars vegar og heildarfjöldi kvenna hins vegar.

Samtölurnar í öllum dálkum töflu 3 eiga að vera þær sömu.

Tafla 4. Áhersluverkefni

Heiti verkefnis: Þarfnast ekki skýringa.

Framlag úr sóknaráætlun: Þarfnast ekki skýringa.

Mótframlag: Heildarmótframlag til verkefnisins á árinu, ef við á. Athugið að hér er eingöngu átt við fjármuni, ekki vinnuframlag.

Framkvæmdaraðili: Þarfnast ekki skýringa.

Markmið: Stutt og hnitmiðað. Ein til þrjár setningar um markmið verkefnis.

Lokaafurð: Hver er (áætluð) lokaafurð (árangur) verkefnis. Ekki meira en ein stutt setning.

Verkefnatími: Hvenær hófst verkefnið og hvenær eru áætluð verklok / hvenær lauk verkefninu.

Tafla 5. Umsóknir / styrkir

Tafla 5 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar um umsóknir og hins vegar er beðið um upplýsingar um styrkúthlutanir.

Fjöldi umsókna: Heildarfjöldi umsókna í uppbyggingarsjóð á árinu.

Heildarupphæð sem sótt var um: Samanlögð upphæð allra umsókna á árinu.

Fjöldi styrkja: Heildarfjöldi styrkja úr uppbyggingarsjóði á árinu.

Árangurshlutfall umsókna: Heildarfjöldi styrkja deilt með heildarfjölda umsókna.

Heildarupphæð styrkja: Heildarupphæð sem úthlutað var úr uppbyggingarsjóði á árinu.

Fjöldi verkefna undir 500 þús.: Þarfnast ekki skýringar.

Fjöldi verkefna milli 500 þús til 2,5 m.kr.: Þarfnast ekki skýringar.

Fjöldi verkefna hærrí en 2,5 m.kr.: Þarfnast ekki skýringar.

Áætlaður fjöldi ársverka: Umsækjandi þarf að láta landshlutasamtökunum þessar upplýsingar í té. Eingöngu er átt við störf sem skapast á verkefnatímanum og greitt er fyrir, hvort heldur sem er með styrknum sjálfum eða með mótframlagi. Eitt ársverk eru 2.080 klukkutímar eða 12 x 173,3 klst (mannmánuður). Ef vinnuframlag í einu verkefni eru tveir mann mánuðir þá er áætlaður fjöldi ársverka 0,17 (þ.e. $173,3 \times 2 = 346,7$ klst. deilt með 2080 = 0,17), ef vinnuframlagið er hálf ár, þá er það hálf ársverk ($2080/2 = 1040$ klst. deilt með 2080 klst. = 0,5).

Tafla 6. Kyn umsækjenda / styrkhafa

Kyn umsækjenda / styrkhafa er flokkað eftir kyni forsvarsmanns umsóknar/verkefnisstjóra. Þetta á einnig við um opinbera aðila.

Tafla 7. Kyngreining starfa sem skapast

Ef umsækjandi áætla að verkefnið hafi í för með sér sköpun starfa á verkefnatímanum þá þarf hann að áætla hvort það séu kynbundin störf eða ekki. Hér er beðið um upplýsingar um hvort verkefni sem að áætlað er að skapi störf á verkefnatímanum séu nær eingöngu karlastörf, fleiri karlastörf en kvennastörf o.s.frv. Hér er ekki beðið um fjölda ársverka. Hér er átt við upplýsingar úr samningum (ef breyting er frá umsókn).

Athugið að upplýsingar í þessari töflu geta ekki verið annað en matskenndar og huglægar.

Tafla 8. Atvinnugreinaflokkun

Tafla 8 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar tengdum umsóknum og hins vegar er beðið um upplýsingar tengdum styrkúthlutunum

Nota ISAT 2008 flokkunina og greina niður á tvo tölustafi – sjá flettilista í dálki A í excel skjalinu.